

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 10.9.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Erla Bjarnadóttir, Gunnólfur Sveinsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð aðalfundar

Fyrir aðalstjórn liggur fundargerð aðalfundar Völsungs frá 20.6.2024 til kynningar.

Framkvæmdastjóra falið að ræða við endurskoðanda félagsins um útfærslu á eignafærslu á strandblakvöllum inn í bókhaldið.

2. Lottógreiðsla til Völsungs fyrir janúar – júní

Í heildina voru lottótekjur HSP kr. 6.594.482 (4.104 þúsund frá UMFÍ og 2.490 þúsund frá ÍSÍ) og af því rennur 75% til félaganna eða kr. 4.945.862.

Þar sem UMFÍ og ÍSÍ seinkuðu því hvenær nýju svæðisskrifstofurnar taka til starfa var samþykkt að halda lottóúthlutunarreglum óbreyttum fyrstu 6 mánuðina. Þannig eru þessar lottógreiðslur mun hærrí en það sem koma skal við seinni úthlutun.

Nú í ágúst barst fyrsta greiðsla frá UMFÍ skv. nýju lottófyrirkomulagi og var sú upphæð aðeins um 36% af meðalgreiðslum janúar - júní. Upphæðin frá ÍSÍ mun ekki lækka jafn mikið (þeir greiddu skv. eldra fyrirkomulagi – líklega mistök). En það má gera ráð fyrir að lottótekjur seinnihluta ársins verði aðeins um 50-55% af því sem var fyrri hluta ársins.

Úthlutun til Völsungs var 2.102.691 kr.

Lagt fram.

3. Bakhjarlasamningur milli Völsungs og Orkuveitu Húsavíkur

Völsungur og Orkuveita Húsavíkur hafa gert með sér þriggja ára samning þar sem Orkuveitan verður bakhjarl félagsins. Fyrir fundinum liggur staðfesting úr fundargerð Orkuveitunnar frá 19.6.2024.

Aðalstjórn þakkar Orkuveitu Húsavíkur fyrir stuðninginn sem er til fyrirmyndar og mikilvægur starfsemi félagsins.

4. Fundargerð sögunefndar

Fyrir aðalstjórn liggur fundargerð sögunefndar frá 3.9.2024.

Fundargerðin lögð fram.

5. Fundargerðir barna- og unglingaráðs í knattspyrnu

Fyrir aðalstjórnar Völsungs liggja fundargerðir barna- og unglingaráðs frá 12.8.2024 og 9.9.2024.

Fundargerðirnar lagðar fram.

6. Samþættingarverkefni

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í samþættingarverkefninu.

Aðalstjórn er ánægð með verkefnið og stolt af þátttöku félagsins í því.

7. Æfingatla íþróttahallar

Aðalstjórn samþykktir töfluna fyrir sitt leiti.

8. Önnur mál

Farið yfir uppgjör mærudagsballs Völsungs

Fundi slitið: 18:22

